


# „FORMANNAVÍSUR“

fluttar á árshátið skipstjóra og stýrimannafélagsins „Vísir“ 1950

Alltaf stýrir Hilmi  
hann Eggert Gislason  
Eiga slikir skipstjórar  
framtíðarvon  
Þó stefnið fari úr bátnum  
hann stýrir út á Dröfn  
og strandar ekki nema  
í annarri hvorri höfn.

Óskar hann er aflakóngur  
öðrum finnst það þunnt  
Á Ólafi hann siglir  
en stundum nokkuð grunnit.  
Að eiginkonu leitar  
en aldrei nokkra fær  
enginn hefur veiðarfæri  
til að ná í þær.

Gisli hann er félagslyndur  
fylgir sinni stétt.  
Að fara á sjó á páskunum  
nei, það er ekki rétt.  
Þeir sem hafa áhuga  
að afla nokkuð hér  
ætti að vera sama um það  
hváða dagur er.




27. DESEMBER 1985

það hefur verið hefð, að útbúa skemmtileg prógróm á árshátfórum Vísis. Hér sést eitt dæmi um slíkt prógróm frá árinu 1985. Þar er í brennidiplí hið ágæta merki félagsins.

Gunnlaugur er skipstjóri  
af skipum hrifinn er.  
En skútu enga finnur nóg  
góða handa sér.  
Hann braskar í svo mörgu  
en bara upp á grin  
en betra væri að drekka  
en að gefa öðrum vin.

Magnús Bergmann skipstjóri  
á Jóni alltaf er.  
Allt er þar um bord i lagi  
sem að betur fer.  
Að sigla á bát um hafið  
það er sjómanninum ljúft  
og sjálfsagt er það stærstur þorskur  
sem er nóg djúpt.

Sigurður er ánægður  
með öll sin þorskanet,  
og ætlar nú á Reykjaröst  
að setja hraðamet,  
og ef á bestu miðin vilja  
koma skip á kreik  
hann klókur er og hylur bátnum  
sinn í mótorreyk.



Framkvæmdastjóri FFSÍ afhendir stjórnarmönnum í Vísí ritsafrn Steinars J. Lüðvíkssonar. Frá vinstri: Harald S. Holsvik, Kristján Ingbergsson, Jóhannes Jóhannesson, Arnbjörn Gunnarsson og Ásgeir Magnússon.

Siggi sonur Finnboga  
er fær í flestan sjó.  
Að fiska bara um sumarið  
já það finnst honum nóg  
og betra er á veturna  
og beita inn í skúr  
og bara að taka í nefið  
og snýta því svo úr.

Þorsteinn sonur Jóhannesar  
það er mikill kall  
og þarf ekki að fara í neitt  
hlutafélagsbrall.  
Skipið gengur hægar þegar  
skipt um mótor er  
hann skiptir bara aftur ef  
hann þarf að flýta sér.

Höf.

Númi Þorbergsson